

# Vikufréttir

Vika 3 (18.01.2021 – 22.01. 2021)

## Mánudagur

- ✓ Niðurstöður skólapúls kynntar í 7.bekk kl. 12:50
- ✓ Dönskukennarar hittast kl.14:30
- ✓ Teymisfundur

## Þriðjudagur

- ✓ Niðurstöður skólapúls kynntar í 8.bekk kl. 10:40
- ✓ Niðurstöður skólapúls kynntar í 6.bekk kl. 12:50
- ✓ Teymisfundur

## Miðvikudagur

- ✓ Niðurstöður skólapúls kynntar í 9.bekk kl. 10:15
- ✓ Niðurstöður skólapúls kynntar í 10.bekk kl. 9:30
- ✓ Teymisfundir kl.14:30
  - Rýnihópur
  - Lausnarteymi
  - Uppbyggingarteymið

## Fimmtudagur

- ✓ Kynningarfundur um barnvæn sveitafélög kl. 14:00

## Föstudagur

- ✓ Bóndadagur / Þorri byrjar

**Annað:** Fyrsti dagur þorra heitir bóndadagur og er til frásögn ein í bókinni Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri að bændur hafi tekið á móti þorra á eftirfarandi hátt.

„.....með því að þeir áttu að fara fyrstir á fætur allra manna á bænum þann morgun sem þorri gekk í garð. Áttu þeir að fara ofan og á skyrtunni einni, vera bæði berlæraðir og berfættir, en fara í aðra skálmína og láta hina lafa og draga hana á eftir sér á öðrum fæti, ganga svo til dyra, ljúka upp bæjarhurðinni, hoppa á öðrum fæti í kringum bæinn, draga eftir sér brókina á hinum og bjóða þorra velkomin í garð eða til húsa.“

## Spakmæli:

„Það að vera góð og falleg manneskja snýst ekki um að gera öllum til geðs...það snýst um að setja sjálft sig í fyrsta sæti.“ – *Lífsbiblían bls. 178*

## Umferð við skólann.

Þegar börnum er ekið í skólann eykst umferð í kringum skólasvæði. Ekki er ætlast til þess að ekið sé inn Gunnlaugsgötu og börnum hleypt þar úr bílum. Þar er ekki hringakstur og þar af leiðandi skapast mikil hætta þegar bílar eru að bakka þarna þar sem börn eru oft að leik á þessu svæði. Sleppistæðið fyrir framan skólann á mótis við Svarfhól er hugsað fyrir þá aðila sem keyra börn í skólann. Ekki er um langan veg að fara þaðan og að innganginum og því ættu allir að geta gengið þennan spöl. Einnig má benda á að möguleiki er að setja börnin út við tónlistarskólann og þá geta þau gengið upp stigann að skólanum. Til að tryggja öryggi allra barna í skólanum eru foreldrar hvattir til að stilla umferð bifreiða um skólasvæðið í hóf og hvetja börn sín til að ganga eða hjóla í skólann þegar fært er.

Ef sá kostur er valinn þá viljum við minna foreldra og forráðamenn á vefinn [www.umferð.is](http://www.umferð.is). Þar má finna fræðsluefni og verkefni er varða umferðaröryggi fyrir nemendur á yngsta stigi, miðstigi og unglingastigi ásamt efni fyrir kennara og fjölskylduna.

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá svæði skólans og hvar æskilegt er að keyra.



Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Guðdís Jónsdóttir